

## Félagaráð BÍS

### Fundargerð 13. janúar kl. 20:30-22:30

Mættir: Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, formaður, Auðna Ágústsdóttir, Elmar Orri Gunnarsson og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Setning: FFS bauð fundarmenn velkomna, óskaði þeim gleðilegs árs og þakkaði samstarfið á liðnu ári.
2. Heimsóknir í skátafélög:
  - a. Eftirtalin félög hafa verið heimsótt:
    - i. Hamar 12. október, voru frekar hörð við sjálf sig. 5 skali, vilja annan fund í vor, virðist vera upptaktur í starfinu.
    - ii. Klakkur 25. október, 5 stiga skali, ætla að vinna í 3 atriðum, virðist vera á réttri leið.
    - iii. Borgarnes 1. nóvember, ekki metið, þarf að fara aftur. Hér hafa verið samskiptavandamál og vantar fólk til starfa.
    - iv. Strókur 27. október og 3. nóvember, reyna aftur 26. jan kl. 20:30. Hér hafa verið samskiptavandamál, sem virðast vera að leysast.
    - v. Vífill 4. nóvember, 3 stig, stór hópur og samvörun í svörum, starfið gengur vel.
    - vi. Eilífsbúar 5. nóvember, eftirfylgniheimsókn, farið var yfir hvað hefur verið gert eftir matið og hvað er hægt að gera til að fjölga grænum, margt á réttri leið.
    - vii. Akranes 17. nóvember, 3stig, flekkótt, forgangsraðað, stjórnun er að verða skýrari, margt á réttri leið.
    - viii. Fossbúar 18. nóvember, stór hópur, samsvörun góð, á góðu róli en vantar að skjalfesta ferla.
  - b. Ólokið er að heimsækja þessi félög og er JA kanna hvort og þá hvenær það verður hægt.:
    - i. Árbúar þriðjudaginn 26. janúar kl. 18:00
    - ii. Heiðabúar
    - iii. Segull
    - iv. Garðbúar
    - v. Landnemar
    - vi. Skjöldungar
  - c. Annar stuðningur:
    - i. Mentor fyrir félagsstjórir. Rætt um að það geti hjálpað mörgum félagsstjórnnum ef þær hefðu mentor sér til stuðnings. Hægt er að gangsetja þetta strax því mikið stuðningsefni er þegar til.

- ii. Mentorar fyrir sveitarfóringja. Rætt um að það geti hjálpað mörgum sveitarfóringjum að byggja upp öflugra starf í skátasveitinni ef þeir hefðu mentor sér til stuðnings. Hér er þörf á meira stuðningsefni og rétt að ræða hugmyndina við dagskrár- og fræðsluráð.
  - iii. Skátanámskeið fyrir skáta og ekki skáta (í fríum, eða mánaðarlega) Var það fram þeirri hugmynd að BÍS stæði fyrir „skátanámskeiðum“ fyrir skáta og „ekki skáta“ á stöðum þar sem skátastarf er mjög veikt eða jafnvel alls ekkert. Þessi námskeið stæðu í 2-4 daga í hvert sinn og væru tvisvar til fjórum sinnum á ári á hverjum stað. Reikna má með að ráða þyrfti starfsmenn til að sinna þessu verkefni.
  - iv. Skátastarf í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Kanna þarf möguleikana á því að bjóða skátastarf í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Til þess að þetta sé hægt þarf að útbúa stuðningsefni fyrir starfsmenn og skipuleggja námskeið sem haldin væru fyrir þá, áður en starfið hefst á hverjum stað.
  - v. Undirbúa umsóknir að styrkjum fyrir rekka/róver/sveitarfóringja/stjórnir: Rætt var um hvort BÍS ætti að bjóða upp á fræðsluferðir til útlanda fyrir þessa hópa þar sem þátttakendur kynna sér skátastarf samsvarandi hóps. Líklega er auðvelt að fá Erasmus+ styrki í svona verkefni. Athuga með kynningu á Skátapíngi.
3. Matskerfið:
    - a. Staðan á vinnunni
      - i. Forsíður, þær eru að mestu tilbúnar, verður farin lokayfirferð á vinnufundi ráðsins 4. feb.
      - ii. Stuðningsefni, Búið er að safna miklu saman og verður farið yfir efnið á vinnufundi ráðsins og vinnuhópa 21. janúar.
  4. Vinnufundur 21. janúar:
    - a. Skipulag: skipta öllum í tveggja manna hópa til að fara yfir stuðningsefnið.
  5. Félagaráð:
    - a. Framboð á Skátapíngi 2016: Auðna og Elmar gefa kost á sér.
    - b. Næsti fundur: Vinnufundur ráðsins fimmtud. 4. febrúar. 17:30-21:00. Allir lesa forsíðurnar yfir og merkja við athugasemdir.
  6. Önnur mál:
    - a. Engin önnur mál.